

Byggðastofnun

Árshlutauppgjör janúar - júní 2016

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda.....	1
Skýrsla stjórnar og stjórnenda.....	2
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymi.....	7
Skýringar.....	8

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 30. júní 2016. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn stofnunarinnar og forstjóri eru fyrst og fremst ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnun okkar.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda einingarinnar á árshlutareikningi hennar. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit okkar á reikningsskilunum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu 1. janúar 2016 til 30. júní 2016, efnahag hennar þann 30. júní 2016 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við sett lög og reikningsskilareglur.

Reykjavík, 26. ágúst 2016

Endurskoðendapjónustan ehf.

Sævar Þór Sigurgeirsson
Löggiltur endurskoðandi

Hinrik Gunnarsson
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar og stjórnenda

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Rekstur tímabilið janúar - júní 2016

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 45,1 milljónum króna á tímabilinu. Eigið fé í lok júní 2016 samkvæmt efnahagsreikningi var 2.795,6 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 21,73%. Ákvæði laga um fjármálafyrirtæki segja til um að eigið fé skuli að lágmarki vera 8% af áhættugrunni og uppfyllti stofnunin því ákvæði laga þar um í lok tímabilsins. Fjármálaeftirlitið hefur heimild, samkvæmt 1. og 2. mgr. 84. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, til að kveða á um sveiflujöfnunarauka sem er 0-2,5% af áhættugrunni. Samkvæmt bréfi frá Fjármálaeftirlitinu, dagsettu 22. janúar 2016, hefur verið kveðið á um 1% sveiflujöfnunarauka á öll fjármálafyrirtæki og mun það taka gildi um næstu áramót.

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögmæti þess að skuldbreyta verðtrygðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þann 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögmæti svo skuldbreyttra lána Byggðastofnunar og var þeim dómi ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Hótel-Mývatn ehf. stefndi Byggðastofnun vegna lögmætis sömu lána og fjallað var um í fyrrnefndu máli. Dómur féll 6. ágúst 2015 í Héraðsdómi Norðurlands vestra þar sem Byggðastofnun var sýknuð af kröfu stefnanda, Hótel Mývatns ehf. Málinu var áfrýjað og gagnáfrýjað og verður tekið fyrir í Hæstarétti þann 19. september nk. Nánar er getið um þessi mál í skýringu nr. 21.

Áhættustýring

Á árinu 2015 var staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa allir ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Stjórnunarhættir

Núverandi stjórn Byggðastofnunar var skipuð af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á ársfundi stofnunarinnar 15. apríl 2016. Situr stjórnin fram að næsta ársfundi stofnunarinnar, sem halda skal fyrir 1. júlí 2017. Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn sem er hluti af „Handbók fyrir starfsmenn og stjórn“. Handbókin var fyrst samþykkt árið 2002 og má nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar, byggðastofnun.is. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignausyslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar.

Skýrsla stjórnar og stjórnenda

Atburðir eftir lok tímabils

Með bréfi Fjármálaeftirlitsins dagsettu 1. mars 2016 var Bygðastofnun tilkynnt að Fjármálaeftirlitið hefði ákveðið að samanlögð krafa um eiginfjáruka sem Bygðastofnun bæri að viðhalda frá og með 1. janúar 2016 væri 1% sveiflujöfnunarauki sem taki gildi 12 mánuðum eftir ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Að auki ber Bygðastofnun að viðhalda 1% verndunarauka frá 1. janúar 2016 samkvæmt 84. gr. e laga um fjármálafyrirtæki, sbr. 84. gr. a sömu laga. Verndunarauki samkvæmt nefndum lagaákvæðum hækkar í áföngum, fyrst í 1.75% hinn 1. júní 2016 og svo í 2.5% hinn 1. janúar 2017. Hinni samanlögðu kröfu skal jafnframt viðhaldið á samstæðugrunni. Miðað við hækkun verndunaraukans 1. júní 2016 og 1. janúar 2017 og gildistöku sveiflujöfnunaraukans 1. mars 2017 verður hin samanlagða krafa að öllu óbreyttu 3,5%.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl fyrirtækja á landsbyggðinni. Umsóknir um nýjar lánveitingar hafa aukist og útlit fyrir áframhaldandi aukningu á lánveitingum á árinu.

Yfirlýsing stjórnar og stjórnenda

Árshlutauppgjörið er gert í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningskil lánastofnana.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutauppgjör Bygðastofnunar fyrir tímabilið janúar - júní 2016 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 26. ágúst 2016

Herdís Á Sæmundardóttir, stjórnarformaður

Einar E. Einarsson

Karl Björnsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Páll Baldursson

Sigríður Jóhannesdóttir

Valdimar Hafsteinnsson

Aðalsteinn Þorsteinsson
forstjóri

Magnús Helgason
forstöðumaður rekstrarsviðs

Rekstrarreikningur janúar - júní 2016

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2016	2015
	Skýr.	janúar - júní	janúar - júní
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir.....		25.994	37.928
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		399.332	413.717
		<u>425.326</u>	<u>451.645</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		208.033	230.768
Önnur vaxtagjöld.....		118	94
		<u>208.151</u>	<u>230.862</u>
	Hreinar vaxtatekjur	<u>217.175</u>	<u>220.784</u>
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	172.450	162.000
Gengismunur.....	7	(5.978)	(3.388)
Aðrar rekstrartekjur.....	8	47.266	20.889
		<u>213.738</u>	<u>179.502</u>
	Hreinar rekstrartekjur	<u>430.912</u>	<u>400.285</u>
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		94.160	88.450
Veittir aðrir styrkir.....		34.970	14.500
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	152.348	128.312
Annar rekstrarkostnaður.....		72.171	70.774
Rekstur fullnustueigna.....	12	8.076	61.692
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	16	3.973	4.367
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,14	20.130	(4.301)
		<u>385.829</u>	<u>363.794</u>
	Hagnaður tímabilsins	<u>45.084</u>	<u>36.491</u>

Efnahagsreikningur

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		30.06.2016	31.12.2015
	<i>Skýr</i>		
Eignir			
Sjóður og kröfur á lánastofnanir			
Bankainnstæður.....	9	1.352.940	3.081.232
		<hr/>	<hr/>
Útlán			
Útlán í íslenskum krónum.....	10	6.828.275	6.167.088
Útlán í erlendum myntum.....	10	3.332.691	3.470.930
Fullnustueignir.....	11,13	507.510	669.510
		<hr/>	<hr/>
		10.668.476	10.307.529
		<hr/>	<hr/>
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum			
Veltuhlutabréf.....	15	376.639	372.768
		<hr/>	<hr/>
		376.639	372.768
		<hr/>	<hr/>
Hlutir í hlutdeildarfélagum			
Hlutir í öðrum fyrirtækjum.....	15	746.599	574.736
		<hr/>	<hr/>
		746.599	574.736
		<hr/>	<hr/>
Aðrar eignir			
Skuldunautar.....		7.185	25.127
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	16	61.727	55.384
		<hr/>	<hr/>
		68.912	80.511
		<hr/>	<hr/>
	Eignir samtals	<u>13.213.566</u>	<u>14.416.775</u>

30. júní 2016

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		30.06.2016	31.12.2015
	Skýr.		
Skuldir og eigið fé			
Lántökur			
Verðtryggðar verðbréfaútgáfur.....		5.013.204	5.704.361
Erlendar lántökur.....		5.247.355	5.791.042
	18	<u>10.260.559</u>	<u>11.495.402</u>
Aðrar skuldir			
Óráðstöfuð framlög.....		82.847	120.629
Aðrar skuldir.....		74.530	50.197
		<u>157.377</u>	<u>170.826</u>
	Skuldir samtals	<u>10.417.936</u>	<u>11.666.228</u>
Eigið fé.....	2,19	<u>2.795.630</u>	<u>2.750.547</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>13.213.566</u></u>	<u><u>14.416.775</u></u>

Sjóðstreymi janúar - júní 2016

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2016 janúar - júní	2015 janúar - júní
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður tímabilsins.....	45.084	36.491
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	14.773	(9.329)
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	3.973	4.367
Sölutap (hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna.....	0	0
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	13.424	7.411
Handbært fé frá rekstri	77.254	38.940
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána.....	329.039	616.155
Veitt lán.....	(819.359)	(590.500)
Innleystar eignir.....	(27.551)	124.000
Hlutabréf.....	232	9.726
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	(10.316)	0
Skuldunautar.....	17.942	52.640
Fjárfestingarhreyfingar	(510.014)	212.022
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(1.282.082)	(4.668.296)
Nýjar lántökur.....	0	3.967.943
Lánadrottnar.....	(13.449)	51.181
Fjármögnunarhreyfingar	(1.295.531)	(649.170)
Lækkun á handbæru fé	(1.728.291)	(398.210)
Handbært fé í ársbyrjun	3.081.232	2.062.688
Handbært fé í lok tímabils	1.352.940	1.664.478

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutauppgjörið er gert í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Það byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Það er gert að mestu eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Það er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutauppgjörsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutareikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2016. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða sölugengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Gengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:

	30.06.2016	31.12.2015
EUR	137,13	141,71
DKK	18,44	18,99
USD	122,94	129,90
JPY	1,20	1,08
Gengi Arion banka í lok tímabilsins		
EUR	136,44	140,83
DKK	18,34	18,87
Gengi Landsbankans í lok tímabilsins		
EUR	136,03	140,88
Gengi Íslandsbanka í lok tímabilsins		
EUR	136,35	140,83
USD	123,26	129,71
JPY	1,19	1,08

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Vísitölur í upphafi tímabilsins:

	01.07.2016	01.01.2016
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	433,7	429,4

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélag, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádregningu virðisryrnun. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á áætluðu söluverði. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru flokkuð í útlán til viðskiptavina og fullnustueignir. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádregningu niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
	janúar - júní	janúar - júní
Laun	118.810	100.057
Lífeyrissjóðsframlög	15.989	12.980
Tryggingagjald	9.997	8.583
Áunnið orlof á árinu	4.084	5.040
Önnur launatengd gjöld	3.467	1.652
Laun og launatengd gjöld alls	<u>152.348</u>	<u>128.312</u>

Að meðaltali störfuðu 24 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf. Þann 30. júní voru 24 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 24.

4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

	2016	2015
	janúar - júní	janúar - júní
Herdís Á Sæmundardóttir, stjórnarformaður frá 10.04.2015	1.153	459
Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður til 10.04.2015	0	675
Anna Guðrún Björnsdóttir (varamaður)	47	0
Ásthildur Sturludóttir, stjórnarmaður til 15.09.2015	0	515
Einar E. Einarsson, varaformaður	747	515
Halla Björk Reynisdóttir (varamaður)	0	43
Karl Björnsson	570	515
Oddný María Gunnarsdóttir	570	515
Páll Baldursson, stjórnarmaður frá 15.09.2015	570	43
Sigríður Jóhannesdóttir	570	515

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Sveinn Auðunn Sæland	0	86
Valdimar Hafsteinsson	570	515
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri	7.795	6.980
Þóknanir til stjórnar og forstjóra samtals	12.592	11.373

5. Þóknanir endurskoðenda

Þóknanir endurskoðenda greinast þannig:

	2016	2015
	janúar - júní	janúar - júní
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörðs	3.270	2.829
Önnur sérfræðipjónusta/innri endurskoðun	1.238	1.296
Þóknanir endurskoðenda samtals	4.509	4.125

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

	janúar - júní	janúar - júní
Almennur rekstur	78.290	73.800
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	94.160	88.200
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	172.450	162.000

	janúar - júní	janúar - júní
Framlag ríkissjóðs v. Byggðarannsóknarsjóðs	0	7.000
Framlag ríkissjóðs v. jöfnunar flutningskostnaðar	0	150.000
Annað framlag ríkissjóðs samtals	0	157.000

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs.

	janúar - júní	janúar - júní
Styrkur v. Byggðarannsóknarsjóðs	4.250	0
Styrkur til rannsóknarmiðstöðvar á Raufarhöfn	0	0
Styrkir v. jöfnunar flutningskostnaðar	0	97.257
Styrkir v. Sóknaráætlunar landshluta	10.945	0
Styrkir v. AVS	0	0
Veittir styrkir alls	15.195	97.257

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færði á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothættar byggðir“ nam 39.873 þúsund krónum á tímabilinu og er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

7. Gengismunur

	2016	2015
	janúar - júní	janúar - júní
Gengismunur af útlánnum	(21.068)	(71.902)
Gengismunur af lántökum	15.089	68.515
	<u>(5.978)</u>	<u>(3.388)</u>

8. Aðrar rekstrartekjur

	janúar - júní	janúar - júní
Rekstrarleigutekjur	623	580
Ýmsar rekstrartekjur	46.643	20.309
	<u>47.266</u>	<u>20.889</u>

9. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

	30.06.2016	31.12.2015
Bankainnstæður í íslenskum krónum	103.934	1.508.932
Bankainnstæður í erlendri mynt	1.249.006	1.572.300
Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals	<u>1.352.940</u>	<u>3.081.232</u>

10. Útlán til viðskiptavina

	30.06.2016	31.12.2015
Sundurliðað eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög	0,26%	0,27%
Einstaklingar	15,12%	11,62%
Sundurliðað eftir atvinnugreinum:		
Þjónustustarfsemi	43,24%	42,07%
Sjávarútvegur	11,10%	12,10%
Iðnaður	23,82%	27,38%
Landbúnaður	6,37%	6,45%
Fjármálastofnanir	0,09%	0,10%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.06.2016	31.12.2015
Gjaldkræfar kröfur	81.572	183.530
Allt að 3 mánuðum	231.051	151.641
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	713.093	723.164
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	3.040.172	3.106.263
Yfir 5 ár	6.095.078	5.473.421
	<u>10.160.966</u>	<u>9.638.019</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

11. Fullnustueignir

	30.06.2016	31.12.2015
Fasteignir	450.500	669.510
Bátar	57.010	0
	<u>507.510</u>	<u>669.510</u>

12. Rekstur fullnustueigna

	2016 janúar - júní	2015 janúar - júní
Leigutekjur	19.508	22.401
Rekstrarkostnaður	27.584	84.094
	<u>(8.076)</u>	<u>(61.693)</u>

13. Fullnustueignir

	F. mat	Stærð m ²
Eyrarland 1, Hvammstanga	7.860	159,2
Grænigarður, Ísafirði	57.494	1.366,7
Héðinsbraut 4, Húsavík	47.800	1.129,4
Kalmannsvellir 3, Akranesi	19.850	293,7
Langanesvegur 2, Þórshöfn	8.865	170,7
Nesbraut 7, Reyðarfirði	32.250	722,4
Pálsbergsgata 3 & 5, Ólafsfirði	32.840	1.851,4
Sandhorn, Hrísey	19.900	832,7
Seljavogur 10, Höfnum	22.985	231,8
Sindragata 27, Ísafirði	34.800	659,6
Sólvellir 23, Breiðdalsvík	70.368	2.081,6
Strandarvegur 29-33, 29R, Seyðisfirði	10.300	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	10.550	456,1
Valgerðarstaðir 4, Fljótisdalshéraði	103.250	5.148,3
Vatneyri, vélsmiðja, Patreksfirði	9.605	736,1
	<u>488.717</u>	<u>16.440,7</u>

	Brúttótonn
Bobby 12 IS-372	4,68 t
Bobby 14 ÍS-374	4,68 t
Bobby 16 ÍS-376	4,68 t
	<u>14,04 t</u>

Fullnustueignir eru bókfærðar í árshlutareikningi á 507.510 þúsund krónur.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

14. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutfjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lantakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Afskriftarreikningur útlána			
Staðan 1. janúar	476.097	692.246	1.168.344
Framlög á tímabilinu	108.358	50.988	159.346
Endanlega töpuð útlán	(69.971)		(69.971)
Staða 30. júní	514.485	743.235	1.257.719
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	4,51%	6,51%	11,01%

	2016 janúar - júní	2015 janúar - júní
Framlag á tímabilinu	198.096	64.915
Framlag vegna ábyrgða	0	(124)
Framlag vegna viðskiptakrafna	(2.000)	5.000
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélögum	(171.863)	(73.851)
Matsverðsbreyting á öðrum hlutabréfum	(4.103)	(241)
Framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi	20.130	(4.301)

15. Hlutfjáreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

Hlutdeildarfélög, eignarhlutur > 20%	Eignarhluti	Nafnverð
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.	22,38%	1.933
Dýralíf ehf.	33,81%	4.000
Eignarhaldsfélagið Gláma hf.	30,01%	24.274
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf.	40,00%	109.142
Fasteignafélagið Borg ehf.	29,76%	18.825
Fasteignafélagið Hótel Hellissandur ehf.	25,49%	19.534
Fasteignafélagið Hvammur ehf.	24,85%	16.919
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf.	30,35%	7.124
Fjárfestingafélagið Vör hf.	41,95%	35.940
Hvetjandi ehf.	45,95%	129.635
Molta ehf.	30,00%	50.000

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Nes-Listamiðstöð ehf.	35,71%	5.000
Raflagnir Austurlands ehf.	22,37%	3.600
Ullarvinnsla Frú Láru ehf.	29,76%	2.500
Vilko ehf.	29,13%	21.555
Þórsberg ehf.	22,74%	30.191
Þörungaverksmiðjan hf.	27,67%	7.919
Hlutdeildarfélag, samtals nafnverð		488.091

Veltufjárbréf, eignarhlutur ≤ 20%

	Eignarhluti	Nafnverð
Ámundakinn ehf.	16,45%	26.000
Ásgarður hf.	13,10%	15.000
Borg, saumastofa ehf.	19,82%	170
Dalagisting ehf.	12,11%	8.000
Eðalís ehf.	11,06%	3.000
Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf	19,03%	96.840
Fánasmiðjan ehf.	9,95%	4.167
Fiskvinnslan Drangur ehf.	4,08%	1.000
Fjallalamb hf.	10,69%	10.000
Grand hótél Mývatn ehf.	7,22%	10.000
Hótél Flúðir hf.	4,77%	1.194
Hótél Húsavík ehf.	0,38%	136
Hótél Varmahlíð hf.	13,04%	3.000
Hvalamiðstöðin Húsavík ehf.	19,70%	2.000
Hæðin á Höfðabraut ehf.	12,28%	2.000
P/F Smyril-line (1.868 þús. DKK)	1,67%	34.437
Saga Eignarhaldsfélag hf.	0,37%	18
Samkaup hf.	2,77%	10.801
Snorri Þorfinnsson ehf.	19,89%	12.000
Tröllasteinn ehf.	18,92%	7.000
Urtusteinn ehf.	8,45%	32.818
Yrkjar ehf.	7,29%	1.800
Veltufjárbréf, samtals nafnverð		281.380

Hlutafjáreign, samtals nafnverð		877.253
--	--	----------------

Hlutabréf í hlutdeildarfélagum eru bókfærð í árshlutareikningi á 746.599 þúsund krónur og veltufjárbréf eru bókfærð á 376.639 þúsund krónur. Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 531.940 þúsund krónur.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

16. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innrétting	Bifreiðar	Hugbún.	Samtals
Stofnverð 1/1	70.388	3.219	22.830	7.216	103.653
Afskrifað alls 1/1	(32.427)	(3.219)	(11.180)	(1.443)	(48.269)
Viðbót á árinu	0	0	10.316	0	10.316
Afskrifað á árinu	(974)	0	(2.278)	(722)	(3.973)
Bókfært verð 30/06	36.988	0	19.688	5.051	61.727
Stofnverð alls 30/06	70.388	3.219	33.146	7.216	113.969
Afskrifað alls 30/06	(33.401)	(3.219)	(13.458)	(2.165)	(52.242)
Bókfært verð 30/06	36.988	0	19.688	5.051	61.727
Afskriftarhlutföll	2-3%	20%	20%	20%	

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki	29.855	107.590	25.619
Háahlíð 4, Sauðárkróki	36.700	64.000	11.369
	66.555	171.590	36.988

17. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	30.06.2016	31.12.2015
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	4.581.697	5.043.230
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	5.247.355	5.791.042
Nettó staða erlendra eigna og skulda	(665.657)	(747.811)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	5.984.301	5.419.493
Verðtryggðar skuldir	5.013.204	5.070.315
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	971.096	349.179

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	USD	DKK	JPY	EUR	Samtals
Útlán	364.517	0	1.291.378	1.676.796	3.332.691
Handbært fé	426.176	1.245	14.513	807.072	1.249.006
Eignir samtals	790.693	1.245	1.305.891	2.483.868	4.581.697
Lántökur	1.133.839	0	1.411.727	2.701.788	5.247.355
Nettó staða	<u>(343.147)</u>	<u>1.245</u>	<u>(105.836)</u>	<u>(217.920)</u>	<u>(665.657)</u>

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

18. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.06.2016	31.12.2015
Gjaldkræft	0	634.046
Allt að 3 mánuðum	91.754	143.075
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.290.057	1.456.032
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	4.106.930	4.183.251
Yfir 5 ár	4.771.818	5.078.999
	<u>10.260.559</u>	<u>11.495.402</u>

19. Eigið fé

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárlutfall stofnunarinnar 21,73%. Fjármálaeftirlitið hefur heimild, samkvæmt 1. og 2. mgr. 84. gr. d laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, til að kveða á um sveiflujöfnunarauka sem er 0-2,5% af áhættugrunni. Samkvæmt bréfi frá Fjármálaeftirlitinu, dagsettu 22. janúar 2016, hefur verið kveðið á um 1% sveiflujöfnunarauka á öll fjármálafyrirtæki og mun það taka gildi um næstu áramót.

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	30.06.2016	31.12.2015
Eiginfjárbáttur A	2.795.631	2.750.547
Samtals	2.795.631	2.750.547
Útlánaáhætta	10.625.588	10.328.038
Markaðsáhætta	666.863	748.900
Rekstraráhætta	1.572.313	1.678.425
Áhættugrunnur	<u>12.864.763</u>	<u>12.755.363</u>

Skýringar

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	30.06.2016	31.12.2015
Staða í upphafi árs	2.750.547	2.651.656
Hagnaður tímabilsins	45.084	98.891
	2.795.631	2.750.547
Eiginfjárlutfall	21,73%	21,56%

20. Veittar ábyrgðir

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 30. júní 2016

21. Önnur mál

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra var á árinu 2013 rekið dómsmál þar sem tekist var á um lögmæti þess að skuldbreyta verðtryggðum lánum í íslenskum krónum í lán í erlendum myntum með útgáfu viðauka. Dómur féll þann 29. nóvember 2013, þar sem fallist var á lögmæti svo skuldbreyttra lána Byggðastofnunar og var þeim dómi ekki áfrýjað til Hæstaréttar. Hótel-Mývatn ehf. stefndi Byggðastofnun vegna lögmætis sömu lána og fjallað var um í fyrrnefndu máli. Dómur féll 6. ágúst 2015 í Héraðsdómi Norðurlands vestra þar sem Byggðastofnun var sýknuð af kröfu stefnanda, Hótel Mývatns ehf. Málinu var áfrýjað og gagnáfrýjað og verður tekið fyrir í Hæstarétti þann 19. september 2016.

22. Viðskipti við tengda aðila

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á tímabilinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila námu í lok tímabilsins 321.141 þúsund krónum og voru 1.834 þúsund krónur í vanskilum.